

## Skýrsla stjórnar Samtaka heilbrigðisiðnaðarins Lögð fram á aðalfundi 3. desember 2014

Ágætu félagsmenn!

Nú er að ljúka þriðja starfsári Samtaka heilbrigðisiðnaðarins sem voru stofnuð 14. janúar 2011. Markmiðið með stofnun SHI var að vinna að hagsmuna- og stefnumálum fyrirtækja á heilbrigðissviði og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar heilbrigðisiðnaðar á Íslandi.

Samtök heilbrigðisiðnaðarins– SHI, starfa innan Samtaka iðnaðarins sem starfsgreinahópur um málefni fyrirtækja sem tengjast þjónustu og nýsköpun í heilbrigðiskerfinu á einn eða annan hátt.

Miðað er við félagar séu fyrirtæki sem tengjast nýsköpun og þróun á heilbrigðissviði.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að;

- þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 2% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.

Í stjórn Samtaka heilbrigðisiðnaðarins (SHI) voru kjörin á síðasta aðalfundi:

Jón Valgeirsson, Actavis á Íslandi hf., formaður

Til tveggja ára:

Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf.

Magnús Oddsson, Össuri hf.

Til eins árs (kosnir til tveggja ára árið áður) :

Árni Þór Árnason, Oxymap ehf.

Garðar Þorvarðsson, Kvikna ehf.

Varastjórn til eins árs:

Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia ehf.

Hákon Sigurhansson, EMR ehf.

Fyrirtæki innan SHI eru góður þverskurður fyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, líf- og genatækni, stoðtækjaframleiðsla, lyfjaframleiðsla, náttúrulækningaefni, lækningatæki, og mælitækni. Í SHI/SI eru vel á þriðja tug fyrirtækja sem falla undir áður nefnda skilgreiningu og hefur fjölgað frá stofnfundi. Þó eru enn nokkur fjöldi fyrirtækja á sviðinu utan samtakanna, einkum fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref á þróunarbrautinni.

### Stefnumótun og áherslur í starfi stjórnar tímabilið 2011-15

Í aðdraganda að stofnun Samtaka heilbrigðisiðnaðarins var unnið að stefnumótun fyrir greinina. Niðurstöður þeirrar vinnu má draga saman á einfaldan hátt í þremur liðum sem innihalda, framtíðarsýn, forsendur og aðgerðir/verkefni.

#### Stefnumótun heilbrigðistæknifyrirtækja til ársins 2015

##### 1. Framtíðarsýn - árangur

- Íslenskar lausnir og þjónusta fyrir heilbrigðiskerfið þekktar heima og erlendis fyrir gæði, nýsköpun og hagkvæmni.
- Góð ímynd og staða, almenn vitund um árangur og lausnir á lykilsviðum.

- Góður fjárhagslegur árangur, arðs emi, vöxtur, fjölgun starfa og jákvæð þróun fyrirtækja í greininni.

## 2. Forsendur – hvað þarf til?

- Skilvirkt stuðningsumhverfi og stjórnvöld, hvetjandi samstarf og samstarfssamningar fyrirtækja og heilbrigðisstofnana.
- Samstarfsvettvangur - samráðshópur fyrirtækja, ráðuneyta, spítala, landlæknis um þróun íslenskra lausna fyrir heilbrigðiskerfið.
- Markvisst markaðsstarf, þróun, samstarf og tengslanet heima, greiðari aðgangur fyrirtækja að þróunarsamstarfi við heilbrigðisstofnanir á grunni PPP aðferða og opinber innkaup sem virka.
- Útflutningur og samstarf á alþjóðlegum vettvangi - Samnorrænn heimamarkaður
- Fjármögnun nýsköpunarstarfsemi, m.a. sterkari Tækniþróunarsjóður og skattalegir hvata og hæfari fjárfestar og fjárfestingasjóðir.
- Samstarf um CE/FDA/gæða- og öryggismál.
- Nægt framboð af vel menntuðu starfsfólki (sérstaklega tækni menntuðu).
- Öflugt samstarf við háskólana varðandi rannsóknir og kennslu þannig að verkefnavinna nemenda og fræðistörf nýtist sem best í þróun nýrra lausna og uppbyggingu fyrirtækja í greininni.

## 3. Aðgerðir/verkefni til að ná árangri

### Markaðsstarf, þróun, samstarf og tengslanet heima

- Vinnuhópar í markaðsmálum (fundir, success stories).
- Stofnun samstarfsvettvangs - samráðshópur fyrirtækja ráðuneytis, spítala, landlæknis og vettvangsins.
- Þjóðaráttak í (opinberum) innkaupum, kaupum íslenskt.
- Standa að (eða hvetja til) tækniráðstefnum og kaupstefnum á Íslandi þar sem áherslan er á lausnir fyrir heilbrigðisþjónustuna.
- Greiðari aðgangur fyrirtækja að samvinnu við LHS - aðgengi að sjúkrahúsum.
- Koma á umræðum, fyrst innan samtakanna sjálfra og svo út á við, í samræðum við stjórnvöld, stjórnsýslu, spítala, háskóla, o.s.frv..
- Kynningarstarf af margvíslegu tagi - Fyrirtækin þurfa t.d. að vera sýnileg.
- Vinnuhópar í CE/FDA/gæðamálum.

### Útflutningur og alþjóðlegt samstarf

- Formlegt samstarf og samskipti við systurfélög á norðurlöndunum.
- NMI ná í EU peninga, fyrir fyrirtækin (NMI stjórni og sjái um pappírsmálin) á áherslusviðum fyrirtækjanna.
- Landabás á Medica.
- Gott yfirlit á einum stað yfir þær (alþjóðlegu) lækna/heilbrigðis ráðstefnur sem haldnar eru á Íslandi með því markmiði að ht fyrirtækin geti sýnt vörur og þjónustu með litlum tilkostnaði. Hér þarf að vera góður fyrirvari á þannig að fyrirtækin hafi möguleika á að koma að erindi á ráðstefnunni.

### Starfs- og stuðningsumhverfið, tölfraði og stjórnvöld

- Sterkari Tækniþróunarsjóður - Vinna að styrkingu Tækniþróunarsjóðs þ.a. einstök verkefni geti hlutið styrki ~ 20.m.
- Enn meiri sattaívilnanir fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.
- Tölfraði upplýsingar um ávinning nýsköpunar í heilbrigðisþjónustu, tölur sem sýna fram á árangur eða árangursleysi.
- Breyta stuðningsumhverfi útflutnings á Íslandi. T.d. þarf að breyta áherslum í lögum um Íslandsstofu, há tækni þarf að fá sérstakt vægi.

### Menntamál

- Samráðsnefnd um framleiðslu heilbrigðistæknilausna og aðkomu sjúkrahúsnana að þeim, ná þörfunum og lausnunum út á fspítölunum.
- Samráðsnefnd um samstarf fyrirtækja og menntastofnana.
- Þarfa greining og kortlagning þekkingar. Samstarf við stofnun eða fyrirtæki varðandi námskeiðahald. Upplýsingakerfi þar sem hægt væri að nálgast reynslu og þjónustu sem til er í landinu.
- Beitum okkur fyrir sameiginlegum námskeiðum hér á landi á þeim sviðum þar sem þekkingu varntar og menntum þannig fleiri einstaklinga en næðist með því að senda einn og einn á námskeið erlendis.

- Kortlagning þeirrar þekkingar sem að er til staðar í landinu og hvað hver er tilbúin að bjóða og fyrir hvað. Samstarf við einhvern aðila sem kortlegði þörfina fyrir námskeið fyrir fyrirtækin, a flaði upplýsingar um framboð af slíku erlendis og sæi um skipulagningu þeirra viðburða hér á landi (gæti t.d. verið NMI).
- Samstarf við háskólana varðandi rannsóknir og kennslu þannig að verkefnavinna nemenda nýtist sem best þeim fyrirtækjum sem til staðar eru í landinu og nemendurnir geta gengið inn í.

Margar af þeim tillögum um aðgerðir/verkefni sem fram komu í stefnumótun SHI falla saman við almenna stefnumótun og forgangsverkefni annarra tæki- og hugverkagreina, s.s. áherslan á fjármögnun, skattalega hvata, menntamál, stoðkerfið og hagtolugerð.

Sértæku verkefnin eru hins vegar í formi samstarfs við heilbrigðisstofnanir um þróun á nýjum lausnum, skráningar og leyfisveitingar á lyfjum, CE-merkingar á lækningatækjum, öryggis-, gæða- og útflutningsmál.

Í starfi SHI hefur verið lögð áhersla á að efla samstarfið innan heilbrigðisklasans með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætasköpun og útflutning að leiðarljósi.

SHI hefur einnig staðið að almennum kynningar- og fræðslufundum fyrirtækja til að auka innbyrðis tengsl og kynningu s.s. um vottunar- og merkingarmál, einkaleyfamál og markaðslegar kröfur.

Eins og áður tengjast mörg af áhersluverkefnum SHI því stefnumótunarstarfi sem fram fór m.a. í samstarfi við Hátækni- og sprotavettvang, SSP og önnur samtök á tækni- og hugverkasviðum. Þau eru eftirfarandi:

1. **Tölfræði tækni- og hugverkagreina**
2. **Stefnumótun um fjármálaumhverfi í fremstu röð með LBÍ í apríl 2014**
3. **Nýsköpunartorg í maí 2014**
4. **Vaxtarsprotinn 2014**
5. **Framhald Hátækni- og sprotavettvangs 2015-2017 og eftirfylgni stefnumótunar tækni- og hugverkagreina**
6. **Áframhald markáætlunar um klasaverkefni um „Betri þjónustu fyrir minna fé“ á sviði heilbrigðismála**
7. **Varnarbarátta fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D - Aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs**
8. **Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa**
9. **Málefni Lyfjastofnunar varðandi skráningar lyfja og CE-merkingar lækningatækja**
10. **Önnur mál**
  - a. **Faghópur heilbrigðisiðnaðar innan Íslandsstofu**
  - b. **Þátttaka í umsókn til NordiInnovation um þarfagreiningu og verkefnasamstarf sem tengist heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga**
  - c. **Heilbrigðisklasinn og samstarf við GEKON**

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað með nokkrum orðum um framvindu í framangreindum verkefnum.

## **1. Tölfræði tækni- og hugverkagreina**

Áfram hefur verið fylgt tillögum SI og HSV um umbætur í hagtolugerð en Hagstofan vinnur að endurbættari fyrirtækjaskrá. Verkefnið hafði verið fjármagnað með 90 milljón kr. framlagi á fjárlögum 2014 sem kom í stað IPA styrkja sem féllu út við frestun aðildarviðræðna við ESB. Enn sem komið er sést takmarkaður árangur af þessu starfi hjá Hagstofunni sem þó virðist eitthvað fyrr á ferðinni í ár með útflutningstölfræðina – þó með nýrri framsetningu sem veldur ákveðnum vandræðum í bili með samanburð milli ára. Vonandi stendur þetta þó til bóta í áframhaldandi góðu samstarfi.

## 2. Stefnúmtun um fjármálaumhverfi í fremstu röð með LBÍ

Efnt var til stefnúnúmtunarfundar tækni- og hugverkagreina í samstarfi við Landsbanka Íslands í apríl sl. undir fyrirsögninni, „fjármálaumhverfi í fremstu röð“. Vel var mætt af fulltrúum tækni- og hugverkafyrirtækja í bland við fulltrúa úr stoðkerfinu og Landsbanka. Megin niðurstöður fundarins voru settar fram með svipuðum hætti og í öðrum stefnúnúmtunarverkefnum sem SI koma að í formi framtíðarsýnar til ársins 2020 sem lýsir árangir, forsendum og helstu áhersluverkefnum sem vinna þarf að.

### Meginmarkmið - Árangur

1. Árangur á heims mælikvarða með viðurkenndum gjaldmiðli og frjálsum flæði fjármagns
2. Fólk, fyrirtæki og fjármagn flæðir norður til Íslands
3. Framúrskarandi arðsemi - vaxandi útflutningur

### Afgerandi árangursþættir - Forsendur

1. Heilstætt ferli og þjónusta við uppbyggingu tækni- og hugverkaiðnaðar
2. Alþjóðlegt og samkeppnishæft fjármálaumhverfi
3. Ísland í fararbroddi í þróun frumkvöðlaumhverfis
4. Markvisst markaðsstarf og upplýsingamiðlun
5. Öflug uppbygging og miðlun þekkingar

### Áhersluverkefni

1. Afnám gjaldeyrishafta -Nothæfur gjaldmiðill - aðild að ESB - Alþjóðlegt og samkeppnishæft fjármálaumhverfi
2. Samfelld keðja -> frumfjárfestingarsjóður -> framtakssjóður -> First NorthMarkvisst markaðsstarf og upplýsingamiðlun
3. Skattalegir hvatar varðandi fjárfestingar í hlutabréfum sprota - og nýsköpunarfyrirtækja - Ráðstöfun séreignarsparnaðar
4. Auknar fjárfestingaheimildir í óskráðum bréfum fyrir lífeyrissjóði og verðbréfasjóði 20% ->25%
5. Auðvelda erlendum ríkisborgurum utan ESB að koma til starfa á Íslandi - Skattaívilnun til einstaklinga erlendis frá
6. Skattaívilnun vegna R&D - hópur um framhald og umbætur
7. Skýr umgjörð fyrir viðskipti með óskráð hlutabréf - fjárfestingasjóðir og fjármálalausnir fyrir einstaklinga
8. Smart-styrkir
9. Lagaumgjörð um hóp fjármögnun
10. Skilgreina aðkomu ríkis- og lífeyrissjóða að fjármögnunarkerðjunni – samstarfsvettvangur

Niðurstöður þessarar vinnu voru kynntar lauslega á Nýsköpunartorgi í maí en áfram hefur verið unnið með þær síðan í samstarfi við starfsmenn Landsbanka, ekki síst með útfæslu á verkefni 2 í listanum hér að ofan. Þróun þessarar vinnu verður kynnt nánar eftir því sem henni miðar fram.

## 3. Nýsköpunartorg 2014

Nýsköpunartorg 2014, var sett upp í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn og laugardaginn, 23 og 24. maí. Nýsköpunartorgið var umgjörð um margþættan viðburð þar sem leitast var við að gefa heildarsýn á árangur, stöðu, starfsumhverfi, tækifæri og framtíð fyrirtækja á Íslandi sem byggja á nýsköpun. Á torginu voru sýningar og kynningar á uppbyggingarferli fyrirtækja, árangur fyrirtækja, afurðum og þjónustu, Auk þess voru viðurkenningar í Ecotrophelia Iceland sem er keppni um vistvæna nýsköpun matvæla og Vaxtarsprotinn afhentur. Þá var horft til framtíðartækifæra og hugað að forsendum nýsköpunar í atvinnulífinu í máli og myndum. Á sérstakri afmælissýningu Tækniþróunarsjóðs kynntu um 60 nýsköpunarfyrirtæki þróunarverkefni, árangur og afurðir þeirra.

Atburðurinn var á vegum fjölda samstarfsaðila bæði úr röðum nýsköpunarfyrirtækja, stjórnvalda og aðila sem mynda stoðkerfi atvinnulífsins á sviði nýsköpunar. Þeir aðilar sem komu að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins voru Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík, Tækniþróunarsjóður, Hátækni- og sprotavettvangur, Ský, Einkaleyfastofa, Klak-Innovit, Íslandsstofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Landsbankinn, Staðlaráð Íslands, Kauphöll Íslands og fjölda fyrirtækja sem tóku þátt í málstofum, örerindum og sýningunni. Verkefnastjórn skipuðu fulltrúar frá SI, HR, Ský og Einkaleyfastofu. Nokkrir af helstu aðilunum sem stóðu að Nýsköpunartorginu áttu afmæli. Má þar nefna Samtök iðnaðarins átti 20 ára afmæli, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök íslenskra líftækniyrirtækja 10 ára afmæli, Tækniþróunarsjóður 10 ára afmæli og svo eins árs afmæli ríkisstjórnarinnar.

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra** opnaði torgið formlega með sóknarhug og hamingjuóskum til afmælisbarnanna. Hann greindi frá aðgerðaáætlun stjórnvalda og Vísinda- og tækniráðs, sem samþykkt hafði verið á áður, um að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2014-2016 sem ætlað er að styðja við og efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og gagnsæja nýtingu opinbers fjár. Samþykkt ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir því að samkeppnissjóðirnir verði eflir um 800 milljónir króna á næsta ári og stefnt að enn frekari aukningu 2016 með hliðsjón af fjárhagsstöðu ríkissjóðs eða um 2 milljarða króna. Á sama tíma er gert ráð fyrir, meðal annars með skattahvötum, að atvinnulífið auki hlut sinn í rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Markmiðið með þessum aðgerðum er að í heildina verði fjárfestingar til vísinda og nýsköpunar á Íslandi auknar úr áætluðum tæpum 2,7% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2014 í 3% árið 2016.



Helstu markmið áætlunarinnar eru snúa að atvinnulífinu eru m.a.:

- að nýta skattkerfið markvisst til að hvetja til fjárframlaga fyrirtækja og einstaklinga til vísinda og nýsköpunar,
- að innleiða skattalega hvata til að auka fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum,
- að skapa umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum,
- að efla sókn í samkeppnissjóði og markaði á alþjóðlegum vettvangi,
- að auka stuðning og ráðgjöf við nýsköpunarfyrirtæki sem stefna á alþjóðlegan markað,
- að efla samstarf háskóla og atvinnulífs við grunn- og framhaldsskóla,
- að fjölga útskrifuðum nemendum í raun-, tækni-, og iðngreinum,
- að hvetja til aukinnar samvinnu háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja um rannsóknartengt framhaldsnám,
- að styrkja fjármögnun doktorsnáms,
- að endurskoða skipulag og umgjörð vísinda- og nýsköpunarkerfisins m.a. með því að setja ný rammalög um rannsóknastofnanir
- að þróa heildstætt upplýsingakerfi um afrakstur vísinda- og nýsköpunarstafs,
- að meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið,
- og að bæta hagtölugerð um íslenskt atvinnulíf m.t.t. rannsóknna, verðmætasköpunar, útflutnings og nýsköpunar.



Forsætisráðherra lauk opnunarræðu sinni með að þakka fyrir gott aðhald á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar og vonaðist eftir góðu samráði um framtíðina næstu þrjú árin um leið og hann lýsti Nýsköpunartorgið formlega sett. Ráðherra var síðan boðið að forskoða sýningu Tækniþróunarsjóðs með 60 nýsköpunarfyrirtækjum sem opnuð var formlega af iðnaðarráðherra um hádegisdag sama dag.


### Vinnustofur og málstofur um stoðþjónustu

Kjarninn í fagráðstefnunni á föstudeginum voru vinnustofur um uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja og kynningar á þjónustu stoðaðila. Í vinnustofunum var skipt í þrjár línur þar sem fyrirtækjum var skipt í deildir eftir þroskastigi og veltu. Í hverri deild var boðið upp á faglega umræðu um; stjórnun og innviði, nýsköpun og þróun, markað og tengsl, fjármögnun og hluthafa. Farið var yfir helstu þarfir, hvaða þjónustuaðilar eru að sinna þessum þörfum og hvaða þjónusta stendur fyrirtækjum til boða.



Í málstofum um var fjallað um þjónustuframboð og stuðning á afmörkuðum fagsviðum s.s. um markaðs- og útflutningsmál, upplýsingaröryggi, höfundarétt, einkaleyfi, rafræn viðskipti, CE-merkingar og staðlamál og orkumál auk þess sem Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kynntu sínar þjónustur. Gestir ráðstefnunnar gátu valið sér um fyrirlestra sem eftir áhuga og þörfum eftir því hvar fyrirtæki þeirra eru stödd á þróunarbrautinni.

### Opnun sýningar Nýsköpunartorgs, Tækniþróunarsjóðs og viðurkenningar Eco Trophelia



Í hádegishléi afhenti Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra viðurkenningar í Eco Trophelia Iceland sem er hluti vöruþróunarkeppni meðal háskólanemenda sem felst í því að þróa vistvæna matvöru. Markmið keppninnar er að minnka umhverfisáhrif frá íslenskri matvælaframleiðslu með því að skapa nýjar vistvænar mat- og drykkjarvörur. Þar er m.a. um að ræða notkun vannýttra hráefna, notkun nýrra og umhverfisvænna framleiðsluaðferða, umbúða eða flutningsmáta. Að keppninni standa Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mátis og Samtök iðnaðarins í samstarfi við íslenska háskóla.

Tvö lið kepptu til úrslita í ár. Annað liðið skipaði þær Brynja Einarsdóttir, Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir og Hrefna Lind Einarsdóttir og voru þær með vöruna BEjuicy sem er frostþurrkaður grænmetissafi á duftformi. Hitt liðið skipaði Christopher Melin og Páll Arnar Hauksson með vöruna Fjöru sem er þaramajónes. Svo fór að þaramajónes var valið sigurvegari Ecotrophelia Ísland að þessu sinni.

Í framhaldi af því opnaði iðnaðarráðherra sýningu Nýsköpunartorgs og Tækniþróunarsjóðs þar sem um 60 nýsköpunarfyrirtæki kynntu þróunarverkefni, árangur og afurðir sínar auk þess sem sem á þriðja tug annarra fyrirtækja og þjónustuaðila í nýsköpun kynntu afurðir og þjónustu sína. Sýningin var 10 ára afmælisýning Tækniþróunarsjóðs þar sem lögð var áhersla á að gera árangur þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur styrkt sýnilegan og áþreifanlegan. Að lokinni opunarathöfn kynnti ráðherra sér bjarta framtíð í útflutningstækifærum þjóðarinnar sem felst í fjölbreyttri flóru tæknilausna sem nýsköpunarfyrirtækin hafa þróað fyrir tilstyrk Tækniþróunarsjóðs.

### Örkygningar fyrirtækja á laugardegi

Á laugardeginum 24. maí á milli kl 11 og 17 var boðið upp á spennandi NÝSKÖPUNARTORG fyrir alla fjölskylduna. Öllum sem áhuga hafa á nýsköpun og tækni var boðið á Nýsköpunartorgið. Um 90 nýsköpunarfyrirtæki og stofnanir kynntu vörur og þjónustu á sýningu sem opnuð var almenningi og um 35 fyrirtæki sögðu frá uppbyggingu síns fyrirtækis, þróunarverkefnum og vörum í stuttum erindum.



Að auki var boðið upp á margvísleglega skemmtilega atburði fyrir alla fjölskylduna, m.a.

- Kynningar fyrirtækja um tækifærin í tækni kl. 12.20-15.00 - Sjá DAGSKRÁ
- Pollapönk tók lagið
- Matvæla fyrirtæki kynntu nýjungar
- Kubbað með LegoMindstorm
- Spilað með Spilavinum
- Fjögur vinningslið GameCreator kynntu nýja tölvuleiki
- Mælingar á ástandi húðarinnar í boði EGF húðvara
- Stiklur úr íslenskum kvikmyndum



- Prófað að hjóla með heimsins léttasta hjólgaflfi
- Hvernig verður rafmagn til?
- Nýsköpunarkeppni grunnskólánemenda
- Ekta eða fake? - Falsaðarvörur til sýnis
- Nýsköpun á orðavegg Ský

**Tækifæri í tækni – kynningar fyrirtækja og önnur erindi á laugardegi 24. Maí**

V101		M101		V102	
TÆKIFÆRIN Í TÆKNI – KYNNINGAR FYRIRTÆKJA				ÖNNUR ERINDI	
12:20-13.20	<b>Vaxtarsprotarnir</b>		<b>Umhverfistækni</b>		
	12.20 Marorka		12.20 EcoNord		
	12.30 Valka		12.30 ReMake		
	12.40 Meniga		12.40 Fjölblendir		
	12.50 Mentor		12.50 Naust Marine		
	13.00 Handpoint		13.00 Stjörnu – Oddi		
13.20-14.20	<b>Heilbrigðisiðnaður</b>		<b>Upplýsingatækni</b>	14.00-14.50	<b>Samfélagsleg ábyrgð</b>  <b>Staðlaráð Íslands</b> <b>Guðrún Rögnvaldardóttir</b>
	13.20 Oxymap		13.20 Stiki		
	13.30 Somnify		13.30 CCP		
	13.40 Kvikna		13.40 Tölvumiðlun		
	13.50 Arctic Sequentia		13.50 TM Software		
	14.00 Kine		14.00 Dohop		
14.10 Actavis		14.10 Skema			
14.20-15.10	<b>Framleiðsla - Ráðgjöf</b>		<b>Líftækni</b>		
	14.20 Verkís		14.20 SagaMedica		
	14.30 Samey		14.30 Bláa Lónið		
	14.40 Brum – invest		14.40 Marinorx		
	14.50 HR nemendakynning		14.50 Zymetech		
	15.00 HR nemendakynning		15.00 Orf Líftækni		

Vaxtarsprotar undanfarinna ára kynntu þróunarstarf sitt milli 12:20 og 13:10 og Heilbrigðisiðnaðarhópurinn stóð að röð örkynninga milli kl. 13:20 og 14:20. Kynningarnar voru líflegar snarpar og fjölbreyttar, en fjöldi gesta hefði mátt vera meiri, sérstaklega meðal ungs fólks á menntabraut.

#### 4. Vaxtarsprotinn 2014 – afhentur í áttunda sinn

Vaxtarsprotinn var að þessu sinni afhentur á Nýsköpunartorginu í maí. Vaxtarsprotinn er viðurkenning sem veitt er á vegum Samtaka iðnaðarins, Rannsóknamiðstöðvar Íslands og Háskólans í



Reykjavík. Tilgangurinn er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja.

Vilborg Einarsdóttir stjórnarmaður hjá Samtökum iðnaðarins og Tækniþróunarsjóði afhenti fulltrúum fyrirtækjanna viðurkenningar. Fyrirtækið **Datamaket ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2014** sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis á síðasta ári. Fyrirtækið jók sölutekjur sínar milli áráanna 2012 og

2013 um 134%. Fyrirtækin Valka, Nox Medical og Skema fengu einnig viðurkenningar fyrir góðan vöxt.

Alls hlutu fjögur sprotafyrirtæki viðurkenningu fyrir öflugan vöxt milli áráanna 2012 og 2013, en viðurkenningunum var eins og áður skipt í tvo flokka. Í 2. deild, flokki sprotafyrirtækja með veltu á bilinu 10-100 milljónir hlutu fyrirtækin Skema og Datamarket viðurkenningu en í 1. deild, flokki sprotafyrirtækja með ársveltu á bilinu 100-1000 milljónir fengu fyrirtækin Nox Medical og Valka viðurkenningu.

Samtök iðnaðarins veita sérstaka viðurkenningu til sprotafyrirtækja sem velta í fyrsta sinn meira en einum milljarði króna. Fyrirtækið **Nox Medical** náði þeim áfanga á síðasta ári og var því brautskráð sem sprotafyrirtæki inn í úrvalsdeild íslenskra hátæknifyrirtækja. Áður hafa CCP, Betware, Nimblegen og NaustMarine hlotið þessa viðurkenningu.



Þetta er í áttunda sinn sem Vaxtarsprotinn er afhentur en hann hefur verið veittur árlega frá árinu 2007. Áður hafa hlotið Vaxtarsprotann fyrirtækin Maroka 2007, Mentor 2008 og 2009, Nox Medical 2010, Handpoint 2011, Valka 2012 og Meniga 2013.

Verðlaunagripur Vaxtarsprotans er farandgripur úr áli og steini gefinn af Samtökum iðnaðarins, en auk hans fylgir skjöldur úr sömu efnum til eignar. Fyrirtækin fjögur sem hlutu viðurkenningar fengu auk þess sérstök viðurkenningarskjöl.

#### 5. Framhald Hátækni- og sprotavettvangs 2015-2017 og stefnumótun tækni- og hugverkagreina

HSV- Hátækni- og sprotavettvangur var stofnsettur í lok árs 2008. Vettvangurinn miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti standa að samningnum ásamt fjórum félagasamtökum; Samtökum sprotafyrirtækja-, líftæknifyrirtækja-, upplýsingatæknifyrirtækja og Samtökum iðnaðarins.

Samstarfssamningurinn um HSV var endurnýjaður var í byrjun árs 2012 til ársloka 2014. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið lögðu hvor til þrjár og hálf milljón á ári til vettvangsins. Núverandi verkefnisstjóri er Haukur Alfreðsson. Með endurnýjuðum samningi fengu SHI formlega aðild að vettvanginum ásamt IGI, CTI, forsætisráðuneyti og velferðaráðuneyti.



Innan HSV hefur á síðasta samningstímabili 2012-2014 verið lögð áhersla á að fylgja eftir áhersluverkefnum úr stefnumótun tækni- og hugverkagreina sem fram fór í maí 2011.

Á undanförnum þremur árum, hafa mál þokast í rétta átt, skilningur orðið almennari á mikilvægi fjárfestingar í menntun og nýsköpun sem er grunnur að framtíð atvinnulífs á Íslandi. Talið er að stærstu vaxtartækifærin í íslensku atvinnulífi séu hjá tækni- og hugverkaiðnaði (einnig nefndur alþjóðageirinn) við að auka verðmætasköpun og gjaldeyriskjör. Starfsemi þessara fyrirtækja nýtist einnig óbeint í öðrum atvinnugreinum til að auka verðmætasköpun og framleiðni í þeim greinum.

Í skýrslu McKinsey um aukinn hagvöxt og þjóðartekjur er talið að tækni- og hugverkagreinar þurfi að tvöfalda umfang sitt á næstu fimmtán árum. Á Hátækni- og sprotavettvangi, HSV, hefur verið unnið á markvissan hátt að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja. Unnið er samkvæmt verklagi sem felur m.a. í sér að safna og koma þörfum tækni- og hugverkafyrirtækja á framfæri við stjórnvöld og finna leiðir með þeim til að koma málum í framkvæmd.


Einnig hefur verið aflað upplýsinga um árangur starfsins og HSV staðið fyrir ýmiss konar viðburðum til auka skilning á mikilvægi nýsköpunar, fjárfestingar og uppbyggingar fyrirtækja í nýsköpun til framtíðar. Tilgangurinn er að auka verðmætasköpun, skapa gjaldeyriskjör og vel launuð störf. Má þar nefna tækni- og hugverkaping sem eru haldin annað hvert ár, síðast í febrúar 2013. Þá má nefna Nýsköpunartorg í maí 2014 og þátttaka í ýmsum fundum svo sem árlegri „SME“ viku (Small and Medium Sized Enterprises).

Iðnaðarráðuneytið og SI hafa fjármagnað samstarfsvettvanginn undanfarin þrjú ár með árlegu fjárframlagi að upphæð 3,5 milljónir króna og menntamálaráðuneytið, forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið með árlegu framlagi að upphæð kr. einni milljón hvert. Stjórn Hátækni- og sprotavettvangsins er skipuð samstarfsaðilum og auk þess eru áheyrnarfulltrúar frá starfsgreinahópum innan SI. Framgangur verkefna hefur verið ágætur í nokkrum verkefnum. Af þeim tíu verkefnum sem unnið er að má þar helst nefna framlög í Tækniþróunarsjóð, endurgreiðsla R&D, Inspired by Icelandic innovation og betri hagtolur, á meðan skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa hefur dregist en er núna komin á málaskrá alþingis.

Mikilvægi HSV felst m.a. í því að koma þörfum tækni- og hugverkagreina á framfæri við stjórnvöld og skapa vettvang til að skiptast á skoðunum og finna leiðir til umbóta. **Fulltrúar tækni- og hugverkafyrirtækja leggja ríka áherslu á að starfsemi Hátækni- og sprotavettvangsins verði rekin áfram í svipuðu formi næstu þrjú árin.** Mikil vinna hefur verið lögð í að tryggja þetta framhald og vonir standa til að hægt verði að skrifa undir nýjan samstarfssamning fyrir áramót.

#### **Staða áhersluverkefna og næstu skref – yfirlit**

Hafin er vinna við öll áhersluverkefni sem ákveðið var að hrinda úr vör. Helmingur verkefnanna krefst lagabreytinga til að koma þeim í framkvæmd. Unnið hefur verið ötullega að kynningu verkefna hjá stjórnvöldum og unnið með stjórnvöldum við að koma þeim í framkvæmd með aðstoð starfsgreinahópa innan SI og stuðningsaðila.



Í framangreindri mynd kemur fram hindrunarstig (rauð súla), upphaflega staða (ljósgræn súla) og núverandi staða (dökkgræn súla) fyrir hvert áhersluverkefni. Eins og fram kemur í súluritinu hefur orðið framgangur í öllum verkefnum nema einu (verkefni 9). Einnig kemur fram að hindrunarstig margra verkefna er nokkuð hátt, sem skýrist að mörgum ólíkum þáttum. Þrátt fyrir góðan árangur í mörgum verkefnum er þó enn mikið verk óunnið við að koma þessum áhersluverkefnum í höfn.

Í eftirfarandi samantekt eru tekin saman helstu atriði um markmið og stöðu hvers verkefnis.

Heiti	Markmið	Staða	Hindrun	Næstu skref
<b>V1. Samstarfsvettvangur hugverkagreina - NÝ SÓKN</b>				
	<b>Tryggja árangursríkt samstarf hugverkagreina, stjórnvalda og þingmanna með markvissa uppbyggingu atvinnulífs að leiðarljósi. Hefja NÝJA SÓKN.</b>			
	Samstarfssamningur SI og aðildarsamtaka á tæknisviðum fyrir tímabilið 2012-2014 rennur út um næstu áramót. Starfsemin snérist meira um varnarbaráttu á síðasta ári. Ný áætlun fyrir tímabilið 2015-2017 liggur fyrir undir formerkjunum NÝ SÓKN! og erindi til ráðuneyta um þátttöku. Ekki liggja fyrir skýr skilaboð stjórnvalda um áframhaldandi samstarf. Brýnt er að taka ákvörðun um framhald fyrir lok október.			
	Ekki liggur fyrir samningur fyrir nýtt tímabil. Samstarfsaðilar þurfa að meta árangurinn og gera upp hug sinn varðandi framhald. Hér þarf að skoða sérstaklega tengsl við aðra hópa s.s. VTR, Samstarfsvettvang um aukna hagsæld og klasaskipulag sem hefur verið að eflast. Helsta áhætta liggur í togstreitu hagsmunaaðila og samkeppni um athygli og áherslur stjórnvalda og þingmanna. Framvinda áhersluverkefna mætti vera hraðari hjá ráðuneytum.			
	1. Taka saman greinargerð um starfsemi HSV, setja fram tillögur um framhald í samráði við ráðuneyti og samtök - NÝ SÓKN! - fundir - eftirfylgni 2. Ráðherrafundur -> NÝ SÓKN! 3. Nýr samningur til þriggja ára undirritaður -> NÝ SÓKN!			

Heiti		V2. Bætt hagtölugerð		20.5.2011	
Mærkið		<b>Bæta íslenska hagtölugerð, ekki síst í nýjum vaxtargreinum.</b>		1,0	20.5.2011
Staða		Verkefnið er í höndum Hagstofunnar sem fengið hefur fjárlagaheimildir til að ráðast í endurgerð fyrirtækjaskráningar. Tengja þarf VSK- og staðgreiðslugögn frá RSK til umbóta í hagtölugerð. Samstarf við RSK er enn og laustengt þrátt fyrir þróun nýs VSK kerfis. Eins og staðan er í dag lítur ekki út fyrir að verkið skili árangri fyrr en eftir tvö ár.		1,7	
Hindrun		Fyrir liggur samstaða þ.m.t. ráðuneyta um mikilvægi verkefnisins. Tímaleysi, skortur á mannafla og fjármagni hjá Hagstofu. Samkeppni um forgang gangvart öðrum verkefnum hindrar framgang. Helsta hindrunin virðist liggja í kostnaði við samþefingu gagnagrunna RSK (VSK og staðgreiðsluskrá) við hagtölugerð og samstarfsvilja RSK.		5,3	
Næstu skref		<ol style="list-style-type: none"> <li>Hagstofa hefur fengið fjármagn til verkefnisins - fjr þarf að gefa RSK skýr skilaboð um að koma að þessu samstarfi.</li> <li>Tengja saman gagnagrunna Hagstofu og RSK varðandi VSK og staðgreiðslu (bráðabirgðalausn)</li> <li>Innleiða bráðabirgðalausnir - meðan ný heildarlausn er í þróun.</li> </ol>		21.10.2014	
Heiti		V3 Tækniþróunarsjóður efldur í 4 milljarða – efling markaðstyrkja og endurgreiðslna R&P		20.5.2011	
Mærkið		<b>Efla vænleg og arðsöm rannsókn- og þróunarverkefni fyrirtækja með verðmætasköpun og aukinn útflutning að leiðarljósi. Næsta stórvirkjun þjóðarinnar felst í að efla fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum og þróunarstarfi.</b>		1,0	20.5.2011
Staða		Tækniþróunarsjóður var efldur um 5 mkr. á fjárlögum 2012 og um 550 mkr. á fjárlögum 2013. Ný ríkisstjórn lækkaði framlögin 2014 um 280 mkr. Með samþykki VTR hafa verið gefin ný fyrirheit um 400 mkr. aukningu 2015 og 1000 mkr. til viðbótar árið 2016. Gangi það eftir væri sjóðurinn þá kominn í tæpa 2,4 milljarða. Lög um endurgr. r&þ þarf að endurskoða strax.		2,5	
Hindrun		Skilningur er vaxandi eftir harða varnarbaráttu á síðasta ári. Ný samþykkt VTR felur í sér vonir um að hækkandi hindrunarstig vegna bágrar stöðu ríkissjóðs fari nú aftur lækkanði. Hindrunarstigið hafði lækkað 3,5 í 1,5. en hækkað í 2,5 á síðasta ári eftir að ný ríkisstjórn tók við. Það á svo eftir að koma í ljós hvort pólitískur vilji standi til að efla sjóðinn áfram.		1,5	
Næstu skref		<ol style="list-style-type: none"> <li>Tryggja áframhaldandi uppbyggingu TþS á fjárlögum 2015-17 - afnema sólarlagsákvæði í lögum um endurgr. R&amp;P.</li> <li>Afnema sólarlagsákvæði í lögum um endurgreiðslur R&amp;P - málið var á forræði MRN en er nú á forræði FJR skv Ásdísí Jónsdóttur MRN</li> <li>Greining og kynning á árangri í uppbyggingu fyrirtækja og skattækjum ríkissjóðs</li> </ol>		21.10.2014	
Heiti		V4. Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu		20.5.2011	
Mærkið		<b>Að móta menntastefnu til stuðnings atvinnustefnu. Þannig að menntastefnan og það fjármagn sem er til ráðstöfunar styðji hvort annað og uppfylli um leið þarfir atvinnulífsins.</b>		1,0	20.5.2011
Staða		Ljóst er að mikill skortur er á iðn- og tæknimenntuðu starfsfólki innan ákveðinna atvinnugreina, s.s. í tölvuleikjáiðnaði, hjá hátækniyrirtækjum og í hugbúnaðargreinum. Jafnframt er nýliðun í ákveðnum greinum áhyggjuefni, þannig að fyrirsjáanlegur er skortur á menntuðu fólki í ýmsum greinum.		2,5	
Hindrun		Stór og umfangsmikill verkefni sem þrátt fyrir nokkuð góða samstöðu krefjast mikillar vinnu að koma í viðundandi farveg. Ein helsta hindrunin liggur í litilli hefð fyrir samstarfi þvert á skólastig og milli menntastofnana og atvinnulífsins. Einnig er takmarkað fjármagn til nýsköpunar í skólastarfi hindrun. Mikill velvilji í Mrn. og samstarfsvilji fer hratt vaxandi.		2,5	
Næstu skref		<ol style="list-style-type: none"> <li>GERT III - virkja mastersnema sem kom til starfa í ágúst 2014 við mótun samstarfs atvinnulífs og skóla og virkja vefsíðuna menntamiðju - upplýsingagjöf til kennara.</li> <li>GERT III - vinna verkefnisstjórnar við ýmis verkefni</li> <li>Forritarar framtíðarinnar: Verið að undirbúa úthlutun nr. 2</li> </ol>		21.10.2014	
Heiti		V5. Inspired by Icelandic Innovation - NÝ SÓKN		20.5.2011	
Mærkið		<b>Laða fólk, fyrirtæki og fjárfesta til Íslands og skapa jákvæða ímynd bæði innan lands sem utan. Vefkynning m.a. innan netsamfélaga á íslenskum hugverkaiðnaði, starfsumhverfi hans og tengslaneti.</b>		1,0	20.5.2011
Staða		Verkefnið hefur verið skilgreint í nokkrum liðum, m.a. sem "hlaðborð" stuttra "youtub" myndskreiða um árangur íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi og draga upp jákvæða mynd að íslensku nýsköpunarumhverfi sem "góðum stað til að vera fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun". Verkefnið hefur verið til umræðu og nánari útfærslu í fagráði iðnaðar og þjónustu hjá Íslandsstofu. Nýsköpunartorgið m.a. var liður í þessu verkefni. Fyrir liggur ný áætlan NÝ SÓKN!		2,0	
Hindrun		Verkefnið er háð framvindu í öðrum verkefnum til þess að það fái slagkraft, en ákveðið hefur verið að leggja megin áherslu á stuðning við markaðsstarf fyrirtækjanna. Klára þarf nokkrar mikilvægar umbætur í starfsumhverfinu áður en slagkraftur næst í þetta verkefni, s.s. skattalega hvata, afnám gjaldyrishafta og tryggja aðgang að fólki. NÝ SÓKN er liður í því að koma þessum umbótum á. Stjórnvöld þurfa að koma að því verkefni með virkum hætti.		2,0	
Næstu skref		<ol style="list-style-type: none"> <li>Skilgreina form og innihald nánar, gera frumgerðir og forma í samstarfi við Íslandsstofu og fyrirtækin.</li> <li>Ræða við fagaðila um útfærslu og framkvæmd</li> <li>Virkja fyrirtæki til samstarfs</li> </ol>		21.10.2014	

Heiti	V6. Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – hvatir t.d. í skattakerfinu		20.5.2011
Markmið	<b>Sporna við brottflutningi fyrirtækja og fólks frá Íslandi. Skapa ákjósanlegar aðstæður fyrir sérfræðinga og sérhæft starfsfólk til að flytja til Íslands – styðja við uppbyggingu fyrirtækja sem þarfnast fólks með sérhæfða þekkingu og hvetja þau til áframhaldandi uppbyggingar á Íslandi.</b>		1,0
Staða	Verið að vinna í samstarfi við fjárfestingahluta Íslandsstofu sem hefur frumkvæði í verkefninu en vinnur í nánú samstarfi við Reykjavíkurborg og SI/SA. FJÁ hefur þegar farið yfir breytingar á útsvari og skattgreiðslum og hefur jákvætt viðhorf til verkefnisins.		1,5
Hindrun	Talsverðar hindrandir innan ESA gagnvart fólki utan EES og vegna atvinnuleysis á Íslandi. Vilji er þó til staðar að greiða götu fyrirtækja sem verulega vantar fólk (case by case frekar en almennt). Nokkuð skortir á skilning og vilja í innanríkisráðuneyti til umbóta í útlendingalöggjöfinni. Einnig þurfa þó nokkur samskipti að vera við Fjármálaráðuneytið vegna skattaafsláttmál o.þ.h. friðinda.		2,9
Næstu skref	1. TAM-verkefnahópur hefur störf í ágúst. (talent management). Markmið hans er að meta þarfir ft. fyrir erlent starfsafli til að styðja við drög að nýjum lögum sem liggja fyrir hjá IRR og þarf að kynna betur. 2. 0 3. 0		21.10.2014

Heiti	V7. Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum		20.5.2011
Markmið	<b>Bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutfé, opna möguleika fyrir einstaklinga og sjóði að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum í traustu, heilbrigðu og virku umhverfi. Koma á skipulögðum hlutabréfamarkaði - uppbyggingarmarkaði - fyrir nýsköpunarfyrirtæki.</b>		1,0
Staða	Á síðasta ári skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að fara yfir EES reglur og útfærslur í málinu. Hópurinn skilaði greinargerð í lok ársins þar sem mælt var með að halda málinu áfram. Fjr vildi biðja nýrra EES reglna áður en lengra var haldið, sem nú liggja fyrir. Ekkert ætti því að vera málinu til fyrirstöðu í dag. Just do it!		2,0
Hindrun	Mikill stuðningur hefur verið meðal Alþingismanna við þetta verkefni. Málið varð undir í forgangsröð í fjármálaráðuneytinu vegna anna við skattlagabreytingar á árinum 2011 og 2012, en er núna komið á dagskrá. Nokkur tregða hefur verið í embættismannakerfinu gagnvart málinu þó skýr stuðningur sé til staða við málið meðal þingmanna og (ríkisstjórnar?). Lagasmíð sem byggir á leiðbeiningum ESA og ESB og samþykki ESA er forsenda þess að málið þökist áfram.		2,0
Næstu skref	1. Ákvörðun fjármálaráðherra um að láta vinna nýtt frumvarp í samráði við fag- og hagsmunaaðila. 2. Kynna tillögu fyrir ESA - móta ferli fyrir þau fyrirtæki sem hyggjast nýta þessa heimild 3. Semja nýtt lagafrumvarp sem byggir á leiðbeiningum EES/ESB og leggja fyrir Alþingi til samþykktar.		21.10.2014

Heiti	V8. Klasaáætlun um "betri þjónustu fyrir minna fé" á sviði orku- og umhverfislausna, heilbrigðis- og menntamála		20.5.2011
Markmið	<b>Að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir í mennta-, heilbrigðis- og orkukerfinu og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.</b>		1,0
Staða	Verkefnið fór vel af stað frá hendi fyrirtækja og samstarfsaðila þeirra. Margar góðar verkefnistillögur komu fram sem komustil framkvæmdar þó nokkrir hnökur hafi verið á fjármögnun stofnana ekki síst á heilbrigðissviði. Niðurstöður fyrstu verkefna liggja nú fyrir sem sýna góðan árangur. Vonbrigðum veldur að ekki hefur verið staðið við framhald fjármögnunar í		2,0
Hindrun	Helsta hindrun/áhætta í framgangi verkefnisins er annars vegar í afgreiðsla fjárlaga. Yfirvinna hefur þurft efasemdir í kerfinu. Reynst hefur erfiðara að fjármagna aðkomu stofnana að verkefninu en gert var ráð fyrir í upphafi. Finna þarf fjármagn til að greiða fyrir aðkomu stofnana að verkefninu, sérstaklega á heilbrigðissviði ef verkefnið á að halda áfram, en það eru engin ný þróunarverkefni eru skilgreind í þessum farvegi sem stendur.		3,4
Næstu skref	1. Endurskipuleggja þarf framhald - þar sem samkomulag varðandi 2013 og 2014 gekk ekki eftir. 2. Greiða fyrir aðkomu stofnana að verkefnum. 3. Tengja verkefni betur við jarðvarmaklasann		21.10.2014

Heiti	V9 Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé í tengslum við fjárlög		20.5.2011
Markmið	<b>Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr sóun í formi fastrar áskriftar á fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs.</b>		2,0
Staða	Lítið að gerast. Þrátt fyrir framangreindan samhljóm reyndist ógerlegt að koma þessari hugsun á í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2011 og 2012. Hér er lagt til að sú leið verði markvisst innleidd við fjárlagagerð fyrir árin 2013 og 2014. Fundað hefur verið með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í desember 2011 án sýnilegs árangurs. Ný lög um verklag í fjárlagagerð gætu þó gefið einhver tækifæri til breyttra vinnubragða í þessu sambandi.		1,0
Hindrun	Lítið að gerast. Þrátt fyrir framangreindan samhljóm reyndist ógerlegt að koma þessari hugsun á í tengslum við afgreiðslu fjárlaga 2011 og 2012. Hér er lagt til að sú leið verði markvisst innleidd við fjárlagagerð fyrir árin 2013 og 2014. Fundað hefur verið með forsætisráðherra og fjármálaráðherra í desember 2011 án sýnilegs árangurs. Ný lög um verklag í fjárlagagerð gætu þó gefið einhver tækifæri til breyttra vinnubragða í þessu sambandi.		3,6
Næstu skref	1. Lítið að gerast. Skoða þarf tækifæri í tengslum við ný lög um verklag í fjárlagagerð 2. 0 3. 0		21.10.2014

Heiti	V10 Afnám gjaldeyrishafta - Höfuðstöðvar íslenskra fyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum neikvæðum áhrifum á útflutning frá Íslandi		20.6.2011
Markmið	<b>Að skapa grundvöll fyrir íslensk fyrirtæki í útflutningi að halda höfuðstöðvum sínum á Íslandi og skapa gjaldeyrstekjur til Íslands. Halda fólki og fyrirtækjum á hér á landi.</b>		1.0
Staða	Safnað var upplýsingum um þau vandamál sem blasa við HT-fyrirtækjum varðandi höftin. Niðurstöðum var komið á framfæri við Seðlabanka. Nokkuð virðist hafa miðað hjá Seðlabankanum í að auka afgreiðsluhraða. DL/HA hafa sett fram tillögu til iðnaðarráðherra um afnám 80% haftanna, þ.e. þess hluta sem ekki ógnar gjaldeyrisfordanum. Fjr virðist hafa tekið við hugmyndinni og í gangi er vinna við að skipuleggja með hvaða hætti er hægt að losa um höftin og áhrif þeirra.		1.4
Hiðun	Gjaldeyrishöftin stefna í að verða ókleifur múr sem hækkar með hverjum mánuðinum sem líður með ómældu tjóni fyrir þjóðarþúið. Eftir því sem tíminn í gjaldeyrishöftum verður lengri þeim mun erfiðara er að rata til baka og þeim mun meira eykst tjónið af því að fyrirtækin flytja í meira mæli úr landi og útflutningur frá Íslandi dregst saman.		9.9
Þættu skrá	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Tillaga DL/HA um afnám 80% hafta liggur fyrir - viðbrögð stjórnvalda hafa verið að vakna.</li> <li>2. Útfæra þarf tillöguna nánar í samráði við hagsmunaaðila (nefnd um málið).</li> <li>3. 0</li> </ol>		21.10.2011

Vettvangurinn gegndi mikilvægu hlutverki á árunum eftir hrun við að byggja tækni- og hugverkaiðnaðinn upp á einum erfiðsta tíma í íslenskri hagsögu. Vettvangurinn hefur staðið að sameiginlegri stefnumótun fyrirtækja, ráðuneyta, stofnana, þingflokka og stjórnvalda um framtíðarsýn og forgangsröðun áhersluverkefna í greininni. Tækni- og hugverkabíngin sem haldin hafa verið annað hvert ár allt frá árinu 2005 hafa gegnt því hlutverki að vera umræðuvettvangur um stefnu og framkvæmd áhersluverkefna milli þeirra sem standa í forsvari fyrirtækjanna og þeirra sem skapa starfsskilyrði þeirra við ríkistjórnarborðið og á Alþingi. Hátækni- og sprotavettvangur hefur unnið markvisst að því að fylgja eftir framkvæmd áhersluverkefna í samstarfi SI, stjórnvalda og aðra aðila eftir því sem við á. Markverðustu breytingarnar á starfsskilyrðum fyrirtækjanna sem hafa náð fram að ganga á þessum tíma eru:

1. Stofnun Frumtaks á grundvelli lagabreytinga á hlutafjárlögum *Lög nr. 88 13. júní 2006.* (<http://www.althingi.is/altext/stjt/2006.088.html>) með þátttöku, banka, lífeyrissjóða og NSA.
2. Starfsorka – heimild til nýsköpunarfyrirtækja til að ráða fólk af atvinnuleysisráði en Vinnuálastofnun greiðir sem nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt á úr Atvinnuleysisstryggingasjóði til fyrirtækisins auk 8% móttframlags í lífeyrissjóð þann tíma í allt að 12 mánuði. (<http://www.vinnuálastofnun.is/atvinnuleitandi/urraedi/vinumarkadsurraedi/starfsorka-frumkvodlar/>)
3. Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, 2009 nr. 152 sem fela í sér heimild til endurgreiðslu rannsókn- og þróunarkostnaðar í gegnum skattkerfið að uppfylltum tilteknum skilyrðum. (<http://www.althingi.is/lagas/143b/2009152.html>)
4. Efling Tækniþróunarsjóðs, markaðsstyrkir og verkefnið „betri þjónusta fyrir minna fé“
5. Efling tækni menntunar og aukið framboð tækni menntaðs fólks – m.a. með því að hvetja atvinnulaust fólk til endurmenntunar á tæknisviðum og aukin aðsókn í háskóla í samstarfi við Vinnuálastofnun og Atvinnuleysisstryggingasjóð.

Óhætt er að fullyrða að þessar breytingar ásamt ýmsum þáttum sem fyrir voru í starfsumhverfinu hafi skilað miklu í veltu, sköpun tæknistarfa og auknum útflutningi á undanföllum árum. Nýleg samantek um greiðsluflæði ríkissjóðs vegna stuðnings Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur vegna R&P verkefna skv. lið 3 og 4 hér að ofan sýnir að ríkissjóður er í jákvæðu greiðsluflæði allt frá fyrsta degi fyrirkomulagsins og arðsemin ótvíræð fyrir ríkissjóð.

## 6. Áframhald markáætlunar um klasaverkefni um „Betri þjónustu fyrir minna fé“

Markáætlun um klasaverkefni er eitt af þeim verkefnum (sjá nr. V8) sem nefnd eru hér að framan sem sem lagt var upp með sem þriggja ára verkefni á tímabilinu 2011-2013. SI og HSV efndu í nóvember 2010 til fundar í tengslum við ÁR nýsköpunar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir niðurskurð.

Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum. Framsögumenn og þátttakendur í pallborði, þar á meðal fimm ráðherrar, voru sammála um nauðsyn þess að finna nýjar leiðir til að halda uppi þjónustu hins opinbera og helst bæta hana fyrir minna fé en áður.

Skilgreind þriggja ára markáætlun í tengslum við Tækniþróunarsjóð með það að markmiði „að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum sviðum og skapa um leið tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað“.

Haldin voru stefnumót og fundir til að skapa aðstæður fyrir fyrirtæki og stofnanir að ná saman um verkefni. Í júní 2011 var efnt til stefnumóts fyrirtækja og heilbrigðisstofnana til að fylgja eftir markáætlun um klasa á heilbrigðissviði undir kjörorðinu „Betri þjónusta fyrir minna fé“. Gott samband náðist við Landspítala háskólasjúkrahús um samstarfsverkefni, en erfið fjárhagsleg staða spítalans tafði talsvert fyrir að hægt væri að ganga frá samningum um verkefni. Að lokum tókst þó að koma 5-6 verkefnum af stað og nú stýttist í fyrstu niðurstöður.

Þrátt fyrir eftirfylgni SI og HSV var ekki tryggt viðbótar framlag til færi verkefnanna á fjárlögum árána 2012 og 2013. Þetta voru vonbrigði, ekki síst þar sem nettóáhrif á greiðslustöðu ríkissjóðs eru jákvæð, auk þessa miða að betri lausnum og þjónustu í starfsemi hins opinbera fyrir minna fé og sparnaði í ríkisútgjöldum og auknum útflutningi til lengri tíma.

Þrátt fyrir vonbrigðin með fjárlög undanfarinna ára hefur áfram verið leitað leiða til að tryggja framhald verkefnisins en með eflingu Tækniþróunarsjóðs myndaðist svigrum til að klára fjármögnun þeirra verkefna sem samþykkt voru. Fjármagn til áframhaldandi verkefna á þessum sviðum liggur hins vegar ekki fyrir.

#### **SI/SHI meðumsækjendur í umsókn til Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar varðandi heilbrigðisþjónustu sveitarfélaga.**

Sú hugmyndafræði og verklag sem viðhaft hefur verið í framangreindu verkefni gæti nýst í nýju verkefni sem SI/SHI eru meðumsækjendur að á norrænum vettvangi með þátttöku sveitarfélaga í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Oslo og Helsinki. Verkefnið gengur í stuttu máli út á að kortleggja þarfir tengdar heilbrigðisþjónustu þessara sveitarfélaga og virkja fyrirtæki til samstarfs um að mæta þessum þörfum á nýjan og hagkvæmari hátt en áður. Í þessu felast margvísleg tækifæri til nýsköpunar og samstarfs bæði innan lands og milli landanna. Ekki liggur fyrir hvort umsóknin fái brautargengi á þessari stundu, en ef stuðningur fæst fer verkefnið í gang á næsta ári.

### **7. Varnarbarátta fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D - Aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs**

Háð var hörð varnarbarátta fyrir Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslur R&D við afgreiðslu fjárlagala 2013 og fjárlaga 2014 í lok síðasta árs. (sjá nánar verkefni nr. 3 í listanum hér að framan). Fyrir lágu tillögur í um stórfelldan niðurskurð á báðum þessum þáttum á sama tíma og mikilvægið við uppbyggingu hátækniiðnaðar á Íslandi hefur líklega aldrei verið meira.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 2014 var framlag í Tækniþróunarsjóð lækkað úr 1265 m.kr. í 982,5 m.kr. sem felur í sér 282,5 m.kr. lækkun frá fjárlögum 2013. Í greinargerð var lýst áformum um áframhaldandi lækkun, 100 m.kr. árið 2015 og loks um 185 m.kr. árið 2016. Í fjárlagafrumvarpinu 2014 var einnig boðuð lækkun á endurgreiðsluhlutfalli vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna frá skattskyldum tekjum samkvæmt lögum nr. 152/2009, úr 20% í 15%.

Þessum áformum var mótmælt kröftuglega í blaðagreinum og erindi sem sent var á alla þingmenn. Vakin var athygli á að í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að „Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum. Nauðsynlegt er að auka framleiðni hér á landi og það er forsenda langtímahagvaxtar að skapa umhverfi sem hvetur til nýsköpunar í starfandi fyrirtækjum, opinberum rekstri og nýjum fyrirtækjum.“

Sýnt var fram á að framangreind áform í fjárlagafrumvarpinu 2014 stæðu í hróplegri mótsögn við þessa stefnu og áhrifin yrðu neikvæð bæði fyrir arðsemi og greiðslufæði ríkissjóðs, auk þess að gera Ísland minna aðlaðandi fyrir framsækið fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Lagðar voru fram einfaldar og skýrar tölur sem sýndu þessu áhrif vel. Verkefni sem hljóta slíkan stuðning þurfa að standast vel skilgreindar faglegar kröfur og umsækjendur þurfa sjálfir að leggja fram um 50-80% af fjármagninu á móti stuðningi hins opinbera. Fjármagnið fer að mestu í að greiða laun og aðföng sem greidd er staðgreiðsla og aðrir skattar af strax frá fyrsta mánuði.

Stíllt var upp dæmi með rauntölum úr rekstri, framlög og uppsöfnuð greiðsluáhrif á ríkissjóð yfir tímabilið 2006-2013 vegna nýsköpunarfyrirtækis í heilbrigðisiðnaði sem stofnað var 2006.

#### Tekjur ríkisins og framlög gegnum Tækniþróunarsjóð og endurgreiðslu R&B vegna fyrirtækis X

Fyrirtæki X	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	ættun
<b>Gunnupplýsingar í milljónum króna</b>									
Sölu tekjur fyrirtækis X	0,0	0,0	0,0	154,0	160,0	163,0	535,0	880,0	
Þar af úttflutningur	0,0	0,0	0,0	140,0	150,0	160,0	520,0	860,0	
Launagreiðslur, heild	0,0	8,0	20,0	60,0	100,0	115,0	150,0	350,0	

Tekjur ríkisins af fyrirtæki X í formi tekjuskatta, útsvars, og tryggingagjalda og tekjuskatts - m.kr.	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	ættun
Staðgreiðsluskattur launa starfsmanna X	0,0	3,5	9,1	23,4	29,9	33,1	49,7	112,9	
Tryggingagjald	0,0	0,5	1,3	4,1	6,5	7,5	9,9	23,2	
Tekjuskattur fyrirtækis X	0,0	0,0	0,0	2,2	7,4	8,4	22,0	37,7	
Tekjur ríkisins af fyrirtæki X - samtals	0,0	4,0	10,4	29,7	43,8	49,0	81,6	173,8	

Framlag ríkisins til fyrirtæki X í formi styrkja Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslu vegna þróunar - m.kr.	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	ættun
Styrkir Tækniþróunarsjóðs	0,0	4,0	16,6	24,0	17,0	9,0	9,0	9,0	
Endurgreiðsla v/R&B skv. lögum nr. 152/2009	0,0	0,0	0,0	0,0	19,7	20,0	22,3	25,0	
Framlag ríkisins samtals	0,0	4,0	16,6	24,0	36,7	29,0	31,3	34,0	

<b>Mismunur í greiðslufæði skatta X og framlaga ríkis *</b>	0,0	0,0	-6,2	5,7	7,1	20,0	50,3	139,8	
---	-----	-----	------	-----	-----	------	------	-------	--

Uppsafnað í milljónum króna	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	ættun
Sölu tekjur	0,0	0,0	0,0	154,0	314,0	477,0	1.012,0	1.892,0	
Tekjur ríkisins af fyrirtæki X - samtals	0,0	4,0	14,4	44,1	87,9	136,9	218,5	392,3	
Framlag ríkisins samtals	0,0	4,0	20,6	44,6	81,3	110,3	141,6	175,6	
<b>Uppsöfnuð greiðslustaða ríkissjóðs vegna X **</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-6,2</b>	<b>-0,5</b>	<b>6,6</b>	<b>26,6</b>	<b>76,9</b>	<b>216,7</b>	
<b>Hlutfall endurgreiðslu til ríkisins **</b>	<b>216,7/6,2 =</b>	<b>35</b>						<b>Innri vextir af greiðslufæði *</b>	<b>167%</b>

Mynd 1: Tekjur ríkisins og framlög til fyrirtækis vegna þróunarverkefna. Næstneðsta línan sýnir nettó uppsafnaða greiðslustöðu ríkissjóðs á tímabilinu og 35 faldna endurgreiðslu.

Fram kemur í töflunni að stuðningur Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur R&B kostnaðar skv. lögum nr. 152/2009 nám rúmlega 175 milljónum króna yfir tímabilið. Tekjur ríkissjóðs frá fyrirtækinu voru 392 m.kr. eða 217 m.kr. umfram stuðning. Ef horft er á greiðslufæðið er arðsemi ríkissjóðs mikil því mismunur á skattgreiðslum og framlagi til fyrirtækisins er mest neikvæður um -6,2 m.kr. á árinu 2008 en snýst svo við árið eftir og verður uppsafnað +217 m.kr. í árslok 2013. Þetta jafngildir 35 faldri (3500%) endurgreiðslu og 167% innri vöxtum fyrir ríkissjóð. Ólíklegt er að uppbygging fyrirtækisins hefði orðið jafn farsæl án stuðnings Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslna R&B.

Þetta dæmi er ekkert einsdæmi því öll fyrirtækin sem frá upphafi hafa hlotið viðurkenningu Vaxtarsprotans fyrir góðan vöxt gefa svipaða mynd. Ef skoðað er úrtak þrettán fyrirtækja sem fengu styrki úr Tækniþróunarsjóði árið 2005 þá var heildarvelta þeirra á árinu 2005 var um 20 milljarðar króna en 118 milljarðar króna á árinu 2012 sem er sexföldun að ja fnaði. Fyrirtækin greiddu framlög ríkisins 20-40 falt til baka á þeim sjö árum sem horft var til. Starfsmannafjöldinn tvöfaldaðist úr 500 í 1000 á sama tíma. Arðurinn af þessari fjárfestingu ríkissjóðs mælist í tugum milljarða og vandfundin betri dæmi í þjóðarþúskapnum. Það var því úr vegi að spyrja hvort ríkissjóður hefði efni á því að afþakka slíka arðsemi?

#### Ný sókn og viðsnúningur í viðhorfum til tækni- og hugverkagreina fyrir tímabilið 2015-2016.

Árangurinn af varnarbaráttunni í kringum afgreiðslu fjárlaga 2014 var að horfið var frá breytingum á lögum nr. 152/2009 og afturvirkri 150 mkr. lækkun á framlagi í Tækniþróunarsjóð fyrir árið 2013 sem boðað var í fjárukalögum 2013. Hins vegar varð framangreind lækkun á framlagi til sjóðsins á árinu 2014 að veruleika.

Á árinu 2014 hefur farið mikil vinna í að snúa við áformum áframhaldandi niðurskurð á Tækniþróunarsjóði á árunum 2015 og 2016 sem boðuð voru í fjárlögum 2014. Í tengslum við undirbúning Nýsköpunartorgsins í maí sl. var mikið lagt upp úr að fram kæmu breytt viðhorf til uppbyggingar í tækni- og hugverkagreinum í stað niðurskurðar. Þetta gekk eftir og með þeirri aðgerðaáætlun sem ríkisstjórnin fyrir hönd Vísinda- og tækniráðs hefur samþykkt má segja að viðsnúningur í viðhorfum blasi við.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2015 liggur nú fyrir að efla eigi Tækniþróunarsjóð um tæplega 400 mkr. á árinu 2015 og 1000 mkr. til viðbótar á árinu 2016. Þá liggur fyrir að framlengja á lögunum frá 2009 um endurgreiðslu R&D og leggja fram nýtt frumvarp um skattalega hvata til að auka fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum auk þess sem huga eigi að umhverfi fyrir virkviðskipti með þessi bréf. Þetta eru mikil fagnaðarefni og merki um góðan árangur af starfi samtakanna og HSV ef þessi áform ganga eftir.

## **8. Skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa og sköpun umhverfis fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum.**

Eins og greint er frá hér að framan liggja fyrir áform í verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að innleiða „skattalega hvatar til hlutabréfakaupa“ og „skapa umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum“. Nefnd á vegum fjármálaráðherra skilaði tillögum um fyrra málið í desember á síðasta ári, en málið bíður framkvæmdar í ráðuneytinu. Þrátt fyrir eftirfylgni hefur málið ekki komið fram til umsagnar né aðkomu SI/HSV ennþá. Vonir standa þó til að málið komist í farveg fljótlega þar sem áformað var að málið yrði lagt fyrir haustþing Alþingis. Ólíklegt verður þó að telja að málið komist inn á haustþingið héðan í frá.

Skipuð hefur verið nefnd iðnaðarráðherra með þátttöku SSP/SI varðandi seinni þáttinn, þ.e. „sköpun umhverfis fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum. Nefndin er tekin til starfa og vinnur um þessar mundir að greiningarvinnu varðandi þarfir og hugsanlegt fyrirkomulag.

## **9. Málefni Lyfjastofnunar varðandi eftirlits lækningatækja og skráningu lyfja.**

### **Eftirlit og leyfisveitingar vegna lækningatækja**

Samtök iðnaðarins hafa fyrir hönd SHI skrifað heilbrigðisráðherra og fjármáráðherra bréf þar sem lýst er yfir áhyggjum af þjónustu við nýsköpunarfyrirtæki á sviði lækningatækja. Lyfjastofnun fer með eftirlit og leyfisveitingar samkvæmt lögum um lækningatæki en ekki hefur verið sett á fót nauðsynleg þjónusta til að sinna fyrirtækjunum. Þetta hamlar vexti innan greinarinnar og hefur orðið til þess að skráningar og rannsóknir eru unnar erlendis. Lyfjastofnun ber að halda skrá yfir þá aðila sem framleiða og markaðssetja lækningatæki, hafa eftirlit með merkingum og öryggi lækningatækja, afgreiða umsóknir um klínískar prófanir á lækningatækjum og hafa eftirlit með framkvæmd. Mikilvægt er að þessi þjónusta sé til staðar hérlendis svo greinin geti vaxið.

Lyfjastofnun ber því við að ekki hafi fengist fjármagn til að sinna verkefninu. Í lögum er heimild til að innheimta þjónustugjald vegna markaðseftirlits og mats á umsóknum um klínískar prófanir og skal ráðherra setja gjaldskrá. Lyfjastofnun fær tekjur sínar eftir tveimur leiðum. Annars vegar er eftirlitsgjald sem lagt er á eftirlitsskylda aðila samkvæmt lyfjalögum. Gjaldið er veltutengdur skattur og því ekki beintengt hverri eftirlitsheimsókn. Eftirlitsgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við eftirlit með þeim aðilum sem greiða gjaldið. Hins vegar er innheimt gjald fyrir veitta þjónustu samkvæmt gjaldskrá. Dæmi um þjónustu sem innheimt er fyrir samkvæmt gjaldskrá er veiting markaðsleyfa, heimild til klínískra rannsókna og útgáfa vottorða. Gjaldskrá er sett upp þannig að verð er fast fyrir tiltekna tegund þjónustu. Einnig er heimild að vinna tiltekin verk samkvæmt tíma taxta. Gjaldskráin er sett með heimild í lyfjalögum og veitir heimild til að sinna þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Ekki er heimild til að nýta þessar tekjur til verkefna sem falla undir lög um lækningatæki.



Samtökin telja að varðandi lækningatæki megi skoða hvort bein þjónusta, líkt og skráningar og leyfisveiting, sé greidd af viðkomandi fyrirtæki en almennt markaðseftirlit sé greitt úr ríkissjóði. Slíkt fyrirkomulag væri sambærilegt við eftirlit samkvæmt efnalögum nr. 61/2013.

Árið 2012 kom fram frumvarp þar sem lagt var til að lagður yrði skattur á tiltekna tollflokka sem skyldi standa undir kostnaði við eftirlit með lækningatækjum. Samtökin höfnuðu þessari leið. Þau telja skattlagningu af þessu tagi ógagnsæja og hætta er á að með tímanum verði munur á innheimtum skatti og kostnaði við eftirlit því engin tenging er á milli þessara tveggja þátta. Einnig er hætta á að skatttekjurnar verði nýttar í annað og skili sér ekki í verkefnið sem þeim er ætlað. Álagning eftir tollflokki er erfið því lækningatæki og almennar neysluvörur geta verið í sama tollflokki.

### Markaðar tekjur Lyfjastofnunar

Samtök iðnaðarins benda á að þörf er á að endurskoða umhverfi fjármögnunar Lyfjastofnunar, vegna sérverkefna sem stofnunin vinnur. Lyfjastofnun sinnir eftirliti og beinni grunnþjónustu við Lyfjafyrirtæki, svo sem vegna skráninga og leyfisveitinga, sem nauðsynlegt er að sinna á Íslandi. Lyfjastofnun getur auk þess tekið að sér sértækari matsverkefni sem fyrirtæki í Evrópu geta sótt til Lyfjastofnana hvar sem er innan Evrópusambandsins. Hluti þeirra verkefna sem Lyfjastofnun sinnir eru þannig unnin í samkeppni við aðrar Lyfjastofnanir í Evrópu. Fyrirtæki velja hvaða stofnun fullmetur tiltekna umsóknir. Það er eftirsóknarvert fyrir íslensk fyrirtæki að sækja slíka þjónustu til innlendrar stofnunar. Þetta gefur einnig Lyfjastofnun færi á að taka að sér erlend verkefni. Þannig er byggður upp betri þekkingargrunnur sem gagnast þróun Lyfjageirans á Íslandi.

Þau verkefni sem innheimt er fyrir samkvæmt gjaldskrá eru mismörg frá ári til árs. Umsvif fyrirtækjanna eru breytileg, sum verkefni eru umfangsmikil og örfá viðbótarverkefni geta aukið tekjur stofnunarinnar um tugi milljóna. Stofnunin fær úthlutað fjárheimildum í fjárlögum en niðurstaða ársins getur vegna þessara aðstæðna orðið allt önnur. Stofnunin hefur ekki heimild til að flytja fjármagn milli ára og háar upphæðir geta setið eftir milli ára. Fyrir kemur að innheimt er vegna verkefnis fyrir áramót en vinnan þarf að fara fram eftir áramót. Tekjur vegna verkefnisins sitja fastar á árinu á undan og ekki er til fjármagn til að ljúka vinnunni sem fyrirtæki hefur greitt fyrir.

Samtökin telja það réttlætismál að ef fyrirtæki greiðir fyrir þjónustu ríkisins þá standi gjöldin undir þjónustunni en renni ekki til annarra verkefna ríkisins. Því þarf að tryggja að gjöldin renni til stofnunarinnar, hvort sem áramót skilja að eða ekki.

Samtökin telja að haga eigi fjárhagsáætlunum og uppgjöri Lyfjastofnunar þannig að henni sé gert mögulegt að taka að sér stærra verkefni þegar svo stendur á. Þetta krefst þess að stofnunin haldi sig ekki innan fjárlaga gagnvart þeim hluta sem snýr að útseldri vinnu. Áfram gera samtökin kröfu um að fjárlögum sé fylgt varðandi fasta tekjustofna, þ.e. eftirlitsgjald. Skoða má þann möguleika að skipta stofnunni upp þannig að verkefni á fjárlögum séu innan A-hluta stofnunar en sá hlut sem byggir á útseldri vinnu sé aðskilinn. Hugsanlega má útvista hluta þessara verkefna.

Fyrirtæki innan Samtakanna lýsa yfir áhyggjum af þessari stöðu. Óvissan í kringum rekstur stofnunarinnar rýrir traustfjárfesta á Íslandi og verkefni fara úr landi vegna þessa. Samtökin hafa lýst sig boðin og búin til að setjast niður með ráðuneytunum til að leita lausnar á þessu máli og hafa þegar átt nokkra fundi með fulltrúum heilbrigðisráðuneytis um málið. Vonast er eftir að þessi mál komist í betri farvega á næstunni.

## 10. Önnur mál

Ýmis önnur mál sem tengjast starfsemi SHI má nefna svo sem:

### Faghópur heilbrigðisiðnaðar innan Íslandsstofu

Starfsemi og þjónusta Íslandsstofu í tengslum við iðnað og þjónustu hefur verið endurskipulögð. Sérstakur hópur skipaður fulltrúum SHI hefur verið skipaður til að skoða útflutningsmál greinarinnar

og hvernig helst megi vinna að framgangi hennar. Í því sambandi hefur rætt um námskeiðahald og nánara samstarf innan Norðurlanda. Áfram verður unnið að útfærslu á þessu máli á næsta ári.

### Úttekt GEKON á heilbrigðisklasanum

Ráðgjafarfirmir GEKON hefur unnið að úttekt á íslenska heilbrigðisklasanum á síðasta ári eins og fram kom á síðasta aðalfundi SHI. SI/SHI hafa fylgst með framvindunni, án þess þó að taka koma með virkum hætti að þessari vinnu. SHI þarf að taka afstöðu til nánari aðkomu að málinu á næsta ári og skoða hvernig afrakstur þessarar vinnu nýtist sem best í starfsemi SHI.

### Minnisblað um aukna skilvirkni við innleiðingu umbóta í starfsumhverfi fyrirtækja

Stjórnvöld vinna að því að einfalda og bæta stjórnsýsluna. Mikilvægt verkefni þar að lútandi er að samræma stefnumótun, áætlanagerð og vinnu ýmissa nefnda og umbótahópa. SI og HSV hafa átt nokkur samskipti við forsætisráðuneyti í þessu sambandi og skrifað minnisblað í því sambandi.


Þrátt fyrir góðan árangur af þeim stuðningi, sem veittur er í nýsköpunarstarfsemi fyrirtækja, er margt sem má bæta enn frekar ef vilji er til þess að Ísland verði í framtíðinni „aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun.“ Það er ekki síst það ferli sem slíkar umbætur í starfsumhverfinu þurfa að fara í gegnum sem er ábótavant bæði hvað varðar hraða og skilvirkni.

Til að auka skilvirkni og afrakstur er lagt til að eftirfarandi verði skoðað:

1. Skilgreina betur umboð og hlutverk fulltrúa ráðuneyta í HSV og upplýsingatengsl þeirra við ráðherra og stjórnendur ráðuneytis.
2. Þróa það ferli sem umbótaverkefni á vettvanginum fylgja, til samræmis við reglur um lagasmíð í stjórnarráðinu.
3. Gerð verði áætlun um upplýsingagjöf og hvernig samskiptum skuli háttað milli fulltrúa HSV, ráðuneyta og ráðherra, m.a. í tengslum við framkvæmd umbótaverkefna og árangur.

Frá sjónarhorni atvinnulífsins gefur þetta skýrari og opnari mynd af þessu ferli og skapar tækifæri til hraðari og markvissari innleiðingar umbóta í starfsumhverfi fyrirtækja.

Meðfylgjandi mynd sýnir á einfaldan hátt það ferli sem mörg umbótaverkefni í starfsumhverfi fyrirtækja fylgja. Virkinn ræðst af skilvirkri ákvarðanatöku og samstarfi við útfærslu og innleiðingu breytinga.



Skilgreina þarf og samhæfa betur marga þá þætti sem hafa áhrif á ákvarðanatöku og framkvæmd umbótaverkefna í starfsskilyrðum fyrirtækja. Með því að opna ferlið og gera áhrifaþætti þess sýnilegri á faglegum forsendum eykst skilvirknin.

Með því að reka formlegan samstarfsvettvang atvinnulífs og stjórnvalda, eins og HSV, er stuðlað að hraðari og vandaðri framgangi umbótaverkefna í starfsskilyrðum atvinnulífs.

## Lokaorð

**Ísland á að geta verið aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Við eigum þó í harðri samkeppni við þjóðir sem hafa markað sér skýra stefnu í þessu efni og sækja hart fram við að endurbæta starfsumhverfi sitt og laða til sín fólk og fyrirtæki. Eins og í annarri keppni þarf að skapa samstarf og einurð í landinu um að keppa markvisst að því koma Íslandi í fremstu röð á þessu sviði. Þannig byggjum við samkeppnishæft atvinnulíf sem getur staðið undir þeirri velferð sem Íslendingar vilja búa við.**

**Eitt brýnasta verkefnið um þessar mundir er að bregðast hratt við þeirri þróun að fólk og fyrirtæki í nýsköpunargreinum hafa að undanförunu verið á hraðri leið úr landi með ófyrirsjáanlegu tjóni fyrir framtíðaruppbyggingu atvinnulífs hér á landi.**

Hátækni- og sprotavettvangur hefur verið mikilvæg tengimiðstöð tækni- og hugverkagreina við stjórnvöld. Unnið hefur verið markvisst eftir stefnumótun og framtíðarsýn greinarinnar til ársins 2016, sem mótuð var árið 2011. Tillögur í aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs til árana 2015-2016 eru í ágætu samræmi við núverandi stefnumótun. Á næsta ári þarf þarf að ljúka brýnum áhersluverkefnum í stefnumótuninni frá 2011 en á næsta ári þarf útvíkka framtíðarsýnina og móta nýja aðgerðaáætlun til ársins 2020. Í ljósi þess góða árangurs, sem náðst hefur og þeirrar staðreyndar að enn eru margar umbætur sem vinna þarf að, hefur stjórn HSV lagt til að gerður verði nýr þriggja ára samningur um nýja sókn í íslensku atvinnulífi sem byggir á nýsköpun.

Mikilvægt er að efla samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um að hrinda slíkri sókn í framkvæmd. Hátækni- og sprotavettvangur er samstarf sex ráðuneyta og Samtaka iðnaðarins sem stofnað var til í október 2008. Þetta samstarf hefur þegar skilað góðum árangri sem byggja má á. Með virkara samstarfi þvert á ráðuneyti og með þátttöku fulltrúa íslensks iðnaðar er hægt straumflínulaga starfsumhverfið og hraða innleiðingu umbóta. Frá sjónarhóli SHI þarf að skoða betur hvernig fyrirtæki í heilbrigðisiðnaði og stjórnvöld geta unnið saman að því að auka framleiði innan heilbrigðiskerfisins, m.a. í anda hugmyndafræði straumlínustjórnunar „um betri þjónustu fyrir minna fé“.

Á þessum fyrstu árum SHI, hefur komið vel í ljós þörfin fyrir svona samtök á sama tíma og fyrirtækjum í greininni hefur verið fjölga. SHI þarf að mynda gott samskiptanet á milli þessara fyrirtækja og við heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld. Stjórn SHI hefur tekið mikilvæg fyrstu skref bæði í mótun á því samstarfi en mikilvægt er að halda mótunarstarfinu áfram. Úr nógu er að móða og ennþá vantar töluvert á að koma mörgum af stefnumálum greinarinnar í höfn.

Stjórn í svona grasrótarsamtökum þarf að vera síkvik og í góðum takti við fyrirtækin sjálf. Það er því eðlilegt að til breytinga í stjórn komi jafnt og þétt. Stjórnin hefur verið að grunni til, nær óbreytt frá stofnun ef undanskilin er sú breyting er fyrsti formaður samtakanna Perla Björk sem dróg sig í hlé á síðasta aðalfundi. Að þessu sinni verða a.m.k. tvær breytingar, en ég mun láta af formennsku þar sem ég hef tekið við starfi hjá Alvogen sem ekki er félagi í SHI - a.m.k. ennþá. Áhugasamir félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram. Magnús Oddsson hjá Össuri hefur boðið fram krafta sína til að taka við formennsku en hann hefur unnið með SHI frá upphafi. Við það losnar um sæti í stjórn sem Jón Gunnar Jónsson hjá Actavis hefur boðið sig fram til.

Þá hefur Börkur Arnviðarson, hjá Arctic Sequenta óskað eftir því að draga sig í hlé og hvatt Baldur Þorgilsson, hjá Kine til að bjóða sig fram í sinn stað.



Starfsemi SHI byggir að miklu leyti á sjálfbærri stjórnarmanna en SI sjá samtökunum fyrir aðstöðu og starfskröftum í þeim mæli sem þörf er á. Mikilvægt fyrir félagsmenn SHI/SI að stjórnin verði áfram virk í að vinna að þróun og starfsskilyrðum þessarar vaxandi og mikilvægu greinar í íslenskum iðnaði.

Ég vil nota tækifærið og þakka meðstjórnendum og starfsmönnum SI/SHI fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og vonast til að fá að fylgjast með framgangi SHI áfram og hugsanlega koma aftur til liðs við samtökin þegar það fyrirtæki sem ég starfa núna hjá er komið á það stig að það telji það tímabært.

**F.h. stjórnar SHI,**

**Jón Valgeirsson, formaður.**